

Samstarf við úrskurðarnefnd.

5. gr.

Berist neytendamáladeild fyrirspurnir um ágreiningsefni sem falla undir starfssvið úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 485/1994, skal neytendum bent á að þeir geti borið málið undir nefndina.

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 55. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1994.***Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.***REGLUGERÐ**

**um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga,
skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings,
sem innihalda tiltekin efni.**

Gildissvið.

1. gr.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða takmarka innflutning, framleiðslu eða notkun tiltekinna efna, sem geta verið eitruð eða hættuleg, í leikföng, skrautmuni og spaug- og gabbvarning.

Leikföng.

2. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn leikföng ef þau innihalda bensen og styrkur óbundins bensens er meiri en 5 mg/kg, miðað við þyngd leikfangsins eða hluta þess.

3. gr.

Óheimilt er að nota efni, sem flokkast undir reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, í leiki sem ætlaðir eru fyrir einn eða fleiri þátttakendur.

Skrautmunir og skreytingar.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn skrautmuni, t.d. skrautlampa eða öskubakka, sem innihalda efni í vökvaformi ætluð til þess að ná fram mismunandi ljós- eða litaáhrifum, ef finin flokkast sem eitrefni eða hættuleg efni samkvæmt reglugerð nr. 236/1990.

5. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn efni í úðabrusum, sem ætluð eru til skemmtunar eða skreytinga, t.d. glimmer eða jólasnjó, ef innihald úðabrusans flokkast sem eldfimt, mjög eldfimt eða afar eldfimt samkvæmt reglugerð nr. 236/1990.

Spaug- og gabbvarningur.

6. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn spaug- eða gabbvarning sem inniheldur efni sem flokkast sem eitrefni eða hættuleg efni samkvæmt reglugerð nr. 236/1990.

Enn fremur er óheimilt að framleiða, flytja inn eða nota eftirtalin efni í spaug- eða gabbvarning eða í hluti ætlaða til slíkra nota, svo sem í hnerriðuft og fýlubombur:

- Duft úr sápuþerki (*Quillaja saponaria*) ásamt sápuþefnum sem gerð eru úr þessu efni.
- Duft úr rótum *Helleborus viridis* (fjallskuggi) og *Helleborus niger* (jólarós).
- Duft úr rótum *Veratrum album* (hvít hnerrirot) og *Veratrum nigrum* (svört hnerrirot).
- Bensidín og afleiður þess.
- o-Nítróbensaldehýð.
- Viðarduft (sag).
- Ammóníumsúlfíð.
- Ammóníumvetnissúlfíð.
- Ammóníumfjölsúlfíð.
- Rokgjarnir esterar brómedíksýru; metýlbrómasetat, etýlbrómasetat, própýlbrómasetat, bútýlbrómasetat.

Eftirlit.

7. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

Viðurlög.

8. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eitrefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 19. gr. laga nr. 52/1988 um eitrefni og hættuleg efni, 3., 4. og 6. gr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauð-synjavörum, og 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 4. tl., tilskipun 76/769/EBE um takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablanda, eins og henni er breytt með tilskipunum 79/663/EBE, 82/806/EBE, 83/264/EBE og 89/677/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu að undanskilinni 5. gr. sem tekur gildi 1. janúar 1996.

Umhverfissráðuneytið, 22. desember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.